

HVAÐ FRAMUNDAN ER, EÐA GÆTI VERIÐ

I

Til er eftir gríská spekinginn og vísindamanninn Aristóteles stutt ritgerð um spádóma, sem ég hefi einhverntíma lesið, en gleymt síðan að öðru en því, sem mér þótt mikilvægast. En það er þetta. Aristoteles hefir um framtíðina bæði orðið mellon, það sem dregur til eða verða vill, og esomenon, það sem verða mun. Vanalega er mellon sama sem esomenon, eða með öðrum orðum, það sem verða vill, er það sem verður. En það er þó ekki alltaf. Ef einhver, sem sér hvað verða vill, getur breytt til um aðdragandann, verður esomenon ekki sama sem mellon. Og ef til vill getur það orðið til nokkurs gagns við skyringar á spám, sem ekki rættust, að hafa þetta í huga.

II

Hin mesta þörf er á því um ýmis tíðindi nálægrar framtíðar, að þau verði á annan veg en helst horfir nú. Er mjög illa spáð fyrir þessu nýbyrjaða ári, og þarf það að vísu varla að efa, að svartara hefir varla verið fyrir stafni í sögu mannkynsins en nú er. Aldrei hefir verið til líkt því eins fullkominn og stórkostlegur útbúnaður til að framkvæma eyðileggingu og nú, og aldrei áður nálægt því eins mikið til að leggja í rústir. Og svo er enn fremur það, sem náttúrufræðingum er helst treystandi til að koma auga á. Í sjálfri jarðsögunni virðist nú draga til nokkru meiri ofsa í rás viðburðanna en verið hefir um langa hríð, þegar miðað er við aldur mannkynsins. Er það í samræmi við skoðanir ýmissa hinna vitrustu manna, þegar sagt er, að ef brestur á úr sorta þeim, sem framundan er, mun élið verða svo ógurlegt, að það er efa-



Dr. Helgi Pjeturss 1916.

samt, að menningin rétti við á eftir. Ef dæma skal eftir þeim aðdragandanum, sem mest ber á, þá er það lokakaflimann-kynssögunnar, sem í hönd fer, og hann af hræðilegustu tegund. Þannig er to mellon. En svo er eftir að vita, hvort ekki má stýra eitthvað annað en inn í svarta bakkann, sem nú er á stefnt. Eða með öðrum orðum, breyta svo til um aðdraganda, að esomenon verði ekki sama sem mellon.

III

Á þessum síðustu áratugum hefir komið fram ekki alllitið af því, sem nefna mætti aldaskiptabókmenntir, og munu flestir bókfróðir menn kannast við hið mikla rit Oswalds Spenglers, er hann nefnir Untergang des Abendlandes, Endalok Vesturlandaþjóðanna. Til þeirra bókmennta er einnig sjálfsagt að telja hið fræga rit dr. Alexis Carrels, Man, the Unknown, Maðurinn, hin óþekkta vera. Bókin er rituð af mjög glöggum skilningi á því, að ógurlegt er um að litast, þegar horft er til framtíðar mannkynsins. Carrel er þeirrar skoðunar, að mannkynið þurfi að breytast mjög til batnaðar, ef það á að bjargast. Og hann er ekki vonlaus um, að svo geti orðið, með tilstyrk vísindanna, og þá einkum mjög aukinnar og endurbættrar læknisfræði. Annar ágætur líffræðingur, og þó ennþá miklu fremur skáld, H. G. Wells, hefir verið á þessari sömu skoðun, að mennirnir þurfi að breytast mjög til batnaðar, ef þeir eiga að geta skapað viðunandi mannfélag. Og í sögunni Halastjörnudagar, In the days of the Comet, — sem mér þykir ekki ólíklegt að sé ein allra besta skáldsagan, sem rituð hefir verið — lýsir hann því, hvernig þetta gæti orðið. Halastjarnan rekst á jörðina og sveipar hana lofttegund, sem hefir þau áhrif að hver skepna, sem andar henni að sér, sofnar. Og þegar vaknað er af þeim svefni, þá eru menn gerbreyttir, hafa aukist svo að viti og þrótti, að nú verður komið á þeirri mannfélagsbreytingu, sem svo mikil er þörfin á, og það án þess að nokkurstáðar sé um róstur að ræða, eða það sem nefna mætti byltingu. Ef mig misminnir ekki, þá er til eftir Conan Doyle stutt saga, þar sem aðalhugmyndin er mjög svipuð. Veit ég

ekki, hvor sagan er eldri; en hvað sem því líður, þá virðist mér ólíklegt, þar sem stórkáld eiga í hlut, að um stælingu sé að ræða. Er hitt miklu sennilegra, að sögur þessar eigi rót sína að rekja til tíðinda, sem gerðust annarsstaðar í heimi, og skáldin sáu í huga sínum, og sé þá líkt til orðnar og þessi stórkostlega styrjaldarsaga, sem í bíblíunni stendur, og nefnist Opinberunarbókin. Mun að vísu engin af þeim skáldsögum, sem menn lesa af mestum áhuga, vera til orðin án þess sem nefnt hefir verið innblástur, og eru þá raunar sögur úr öðru lífi, framlífinu, sem skáldin hafa, að heita má, þýtt og breytt eftir ástæðum frumlífsins hér á jörðu. Sum mjög hraðritandi skáld, eins og t. d. Alexander Dumas og Edgar Wallace, hafa verið hin náskyldustu í eðli miðlum þeim, sem rita ósjálfrátt.

IV

Ég er sammála dr. Alexis Carrel um, að aukna þekkingu þarf til að bjarga mannkyninu. En annars virðist mér mjög ófullnægjandi það sem hann ritar um einmitt þetta efni. Það, sem með þarf til úrslita, er ekki tekið fram, hin nýja lífaflfræði (Biodynamik) er varla komin til sögunnar hjá honum, og stjörnulíffræðin (Astrobiologi) alls ekki. Ég hygg heldur ekki, að sögurnar, sem ég nefndi, eftir H. G. Wells og Conan Doyle, gefi rétta mynd af því sem verða mun. Að vísu er það rétt, að gerbreyting mun verða á skömmum tíma. En sannleikurinn mun verða — eða gæti a. m. k. orðið — langtum furðulegri en jafnvel hinn ljóm- andi skáldskapur Wells. Það sem þarf, er að íbúum annarra jarðstjarna, sem langtum lengra eru á leið komnir til fullkomnunar, gefist kostur á að rétta oss hjálparhönd. En til þess að það geti orðið, þarf að haga mun öðruvísí til hér á jörðu en nú er. Upphafsatriði er það, að menn færí út líffræðina á þann hátt sem ég hefi svo oft minnst á, og skilji hver nauðsyn er á samþættingu lífsins hér á jörðu við hið fullkomnara líf annarsstaðar í alheimi. Munu fljótt verða slíkar framfarir, sem nauðsynlegar eru til þess að hið bjargandi samband geti tekist, þegar þegin verða byrjunaratriðin.

Horfurnar eru að vísu nú ennþá miklu ógurlegrí en vorið 1914, þegar ég sagði fyrir hin geigvænlegustu tíðindi, ef þessu máli yrði ekki sinnt. En hins vegar hefir nokkuð verið greitt fyrir, og líkurnar til þess, að takast muni að afstýra voðanum, sem stefnir til þess að spilla svo högum mannkynsins, að ekki verði framar úr bætt, eru nú mun meiri en þá.

1. febr. 1937.